

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatns-
magn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi
eftirlitsmanns hitaveitu.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við
vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- | | |
|--|---------|
| a) Fyrir vatn 80°C og heitara greiðast | kr. 156 |
| b) Fyrir vatn 70-79° greiðast | kr. 125 |
| c) Fyrir vatn 69°C og kaldara greiðast | kr. 95 |

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það
langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina
með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér
segir:

- | | |
|----------------------------|-----------|
| a) Fyrir mæli allt að ¾" | kr. 1.361 |
| b) Fyrir mæli 1" - 2" | kr. 2.742 |
| c) Fyrir mæli 3" og stærri | kr. 5.464 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt
að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið
sé af mæli hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur
skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1.241.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.
Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hita-
veitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsend-
ingardegi reikningsins.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

<i>Hús 400-2.000 m³</i>	<i>kr.</i>
Fyrir 400 m ³	251.351
og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m ³	218
Hús stærri en 2.000 m ³	599.772
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2.000 m ³	175
Öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.	
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er	33.377

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að
húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem er í vanskilum auk kr. 2.481 í hvert skipti.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 475/2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. janúar 2015.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.